

Reglur Hjólum í skólann

1. Gjaldgengir þátttakendur

Allir nemendur og allt starfsfólk framhaldsskólanna geta tekið þátt í Hjólum í skólann.

2. Hvaða samgöngumáta má nýta

Leyfilegt er að nýta allan virkan ferðamáta í Hjólum í skólann:

- Hjólreiðar (líka rafmagnsreiðhjól þar sem þarf að stíga með)
- Ganga
- Hlaup
- Línuskautar, hjólabretti
- Almenningsamgöngur
- Annað sem felur í sér virkan ferðamáta

3. Þátttökudagar

Hjólum í skólann stendur frá 9. – 22. september að báðum dögum meðtöldum. Hver þátttakandi má því að hámarki skrá 10 daga.

4. Hvað má skrá?

Þátttakendur mega skrá ferðir í og úr skóla

5. Hvað má ekki skrá?

Meginmarkmið með Hjólum í skólann er að hafa áhrif á ferðavenjur framhaldsskólanema og starfsfólks. Þó svo að eftirfarandi leiðir séu frábærar til hreyfingar í daglegu lífi samræmast þær ekki meginmarkmiði verkefnisins. Því má ekki skrá:

- heilsubótarhreyfingu í hádeginu, göngu eða hjólreiðatúr
- ef farið er út að hjóla eftir að heim er komið úr skóla

6. Keppnin

Framhaldsskólunum er skipt niður í þrjá flokka eftir heildarfjölda nemenda og starfsfólks. Í hverjum flokki er keppt um flesta þáttökudaga hlutfallslega miðað við heildarfjölda nemenda og starfsfólks skólanna. Flokkarnir eru eftirfarandi:

- 0 – 399 nemendur og starfsfólk
- 400 – 999 nemendur og starfsfólk
- 1000 o.fl. nemendur og starfsfólk

7. Útreikningar á þáttökudögum

Þáttökudagar hvers framhaldsskóla eru reiknaðir út frá heildarfjölda nemenda og starfsfólks og út frá heildar fjölda þáttökudaga sem skólinn hefur náð.

Þáttökudagar = *heildarfjöldi þáttökudaga sem skólinn hefur náð / heildarfjöldi nemenda og starfsfólks við skólann*

8. Fjöldi nemenda og starfsfólks

Þegar framhaldsskóli er skráður til leiks skal skrá inn heildarfjölda nemenda og starfsfólks við skólann.

Ath. hver skóli fyrir sig þarf að meta hvaða nemendafjölda hann notar þegar heildarfjöldinn er skráður. T.d. má draga frá hópa sem eiga erfitt með að taka þátt eins og nemendur í fjarnámi og kvöldskóla.

Notum virkan ferðamáta

Hjólum – Göngum – Hlaupum – Tökum strætó



Nánari upplýsingar eru á www.hjolumiskolann.is